



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

4. DESEMBER 2025
ELDBORG HARPA

AÐVENTU- TÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

VELKOMIN



VINSAMLEGAST HAFIÐ SLÖKKT
Á FARSÍMUM MEÐAN Á
TÓNLEIKUM STENDUR

TÓNLEIKAGESTIR ERU BEÐNIR UM
AÐ KLAPPA AÐEINS Í LOK TÓNVERKS

TÍMALENGD VERKA:

CONCERTO GROSSO 14'
EINE KLEINE NACHTMUSIK 20'
ÓBÓKONSERT 13'
MOZART SINFÓNÍA 8'
HAYDN SINFÓNÍA 26'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

AÐVENTUTÓNLEIKAR SINFÓNÍUNNAR

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 4. DESEMBER 2025 KL. 19:30

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

FABIO BIONDI
HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG
KONSERTMEISTARI

JULIA HANTSCH
EINLEIKARI

ARCANGELO CORELLI

Concerto Grosso í g-moll, op. 6 nr. 8, Jólakonsertinn (1690)

Vivace - Grave

Allegro

Adagio - Allegro - Adagio

Vivace

Allegro

Pastorale ad libitum: Largo

WOLFGANG AMADEUS MOZART

Eine kleine Nachtmusik K. 525 (1787)

Allegro

Romanze: Andante

Menuetto: Allegretto

Rondo: Allegro

JOHANN SEBASTIAN BACH

Óbókonsert í d-moll BWV 1059R (≈1726)

Allegro

Adagio

Presto

HLÉ

WOLFGANG AMADEUS MOZART

Sinfónía nr. 10 í G-dúr, K. 74 (1770)

Allegro

Andante

Allegro

JOSEPH HAYDN

Sinfónía nr. 49, Píslarsinfónían (1768)

Adagio

Allegro di molto

Minuet e Trio

Presto

FABIO BIONDI

HLJÓMSVEITARSTJÓRI



Ítalski fiðluleikarinn og hljómsveitarstjórinn Fabio Biondi er meðal þekktustu tónlistarmanna samtímans á sviði tónlistar frá barokk- og klassíska tímanum.

Hann fæddist í Palermo á Sikiley árið 1961 og var orðinn ellefu ára gamall þegar hann kynntist fiðlunni, en var ótrúlega fljótur að ná tökum á hljóðfærinu. Á sautjándá ári stóð hann á sviðinu í Musikverein-salnum í Vínarborg og lék fiðlukonserta Bachs og hefur síðan þá leikið með helstu barokkhljómsveitum, þar á meðal La Capella Reial, Musica Antiqua Wien, Seminario Musicale, La Chapelle Royale og Les Musiciens du Louvre. Árið 1990 stofnaði hann hljómsveitina Europa Galante sem sérhæfir sig í barokktónlist og leiðir hann hópinn sem hefur leikið inn á fjölda geisladiska. Meðal útgefinna verka má nefna *Il cemento dell'armonia e dell'invenzione* sem inniheldur 12 konserta Vivaldis, þar á meðal Árstíðirnar fjórar, óperu Vivaldis, *Bajazet*, konserta Arcangelos Corelli (*Concerti Grossi*), verk eftir Alessandro Scarlatti og Georg Friedrich Händel. Þá hefur hann hljóðritað úrval af verkum 18. aldar samlanda sinna: Antonion Vivaldi, Francesco Maria Veracini, Pietro Locatelli, Giuseppe Tartini sem og sönötur eftir Johann Sebastian Bach, Franz Schubert og Robert Schumann. Biondi var listrænn stjórnandi barokktónlistar hjá Sinfóníuhljómsveitinni í Stavanger frá 2005–2016.

Fabio Biondi kemur reglulega fram sem einleikari og stjórnandi með hljómsveitum á borð við New York fílharmóníuna, Chicago sinfóníuna, Mahler kammerhljómsveitina og Mozarthljómsveitina í Salzburg svo nokkrar séu nefndar. Þá hefur hann látið til sín taka á óperusviðinu og stjórnað í þekktum evrópskum óperuhúsum.

Sem fiðluleikari hefur hann gert garðinn frægan sem óaðfinnanlegur virtúós (The Guardian) og komið fram í helstu tónleikasölum svo sem Carnegie Hall í New York, Auditorio Nacional de Música í Madrid og Cité de la Musique í París. Árið 2018 var hann verðlaunaður af tónlistartímaritunum *Gramophone* og *BBC Music Magazine* fyrir hljóðritanir sínar af sönötum Paganinis fyrir fiðlu og gítar með gítarleikaranum Giangiacomo Pinardi.

JULIA HANTSCHHEL

EINLEIKARI



Julia Hantschel ólst upp í Aachen í Þýskalandi. Hún stundaði nám við Tónlistarháskólann í Freiburg (Breisgau), Síbelíusarakademiuna í Helsinki og í Tónlistarháskólann í Basel þar sem aðalkennari hennar var Emmanuel Abbühl. Á námsárum sínum kom hún fram með hinum ýmsu hljómsveitum í Sviss og Þýskalandi, ásamt því að taka þátt í Southbank Sinfonia í London í einn vetur. Á árunum 2015–2017 vann Julia í Hyogo Performing Arts Center Orchestra (HPAC) í Japan og hélt síðan til Svíþjóðar þar sem hún starfaði sem fyrsti óbóleikari í Wärmlandsóperunni um skeið. Julia hefur verið leiðandi óbóleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2018 og hefur komið fram sem einleikari með Bachcollegium Freiburg, Kammerorchester Basel, Southbank Sinfonia London og Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Um konsertinn segir Julia:

„Þegar ég var að byrja að læra á óbó átti ég nokkra geisladiska með óbótónlist sem ég hlustaði á daginn út og daginn inn. Einn þeirra var „Virtuose Oboenkonzerte“ sem innihélt óbókonsert Bachs í d-moll með Heinz Holliger. Þannig að hann á sérstakan stað í hjarta mínu og það er mér mikill heiður að spila konsertinn núna, mörgum árum síðar, með samstarfsmönnum mínum í Sinfóníuhljómsveit Íslands.“

TÓNLISTIN Í KVÖLD



ARCANGELO CORELLI CONCERTO GROSSO Í G-MOLL, OP. 6 NR. 8, JÓLAKONSERTINN

Það tók Arcangelo Corelli (1653–1713) nokkra áratugi að ljúka við tólf konserta sína op. 6. Talið er að þeir fyrstu hafi orðið til í kringum árið 1682 og aðeins þremur dögum fyrir andlátinu afhenti hann Matteo Fornari, nemanda sínum og aðstoðarmanni, lokagerð verksins og var það gefið út árið eftir. Af konsertunum tólf er sá áttundi í g-moll sá allra þekktasti. Undirtitill verksins „Jólaconsert“ skrifaði Corelli sjálfur á titilsíðuna: „Fatto per la notte di natale“ (skrifað fyrir aðfangadagskvöld). Fyrir aftan síðasta hraða kaflann, Allegro, skrifaði hann einnig „Pastorale ad libitum“ sem þýðir að sleppa mætti síðasta kaflanum að vild, til dæmis við athöfn á jólanótt.



WOLFGANG AMADEUS MOZART EINE KLEINE NACHTMUSIK

Tæpum hundrað árum eftir tilurð *Jólaconserts* Corellis samdi Mozart (1756–1791) annars konar kvöldtónsmíð, *Eine kleine Nachtmusik* og hér var hann með orðinu *Nachtmusik* að þýða *Serenade* yfir á þýsku. Mozart samdi mörg verk af þessum toga og þá aðallega fyrir blásturshljóðfæri og voru verkin oftast hugsuð sem skemmtitónlist sem gjarnan var leikin undir berum himni. Hér á Íslandi er *Serenade* þýtt sem serenaða, næturljód eða kvöldlokka en *Eine kleine Nachtmusik* skrifaði Mozart fyrir strengjakvintett - tvær fiðlur, víólu, selló og kontrabassa. Verkið er þó yfirleitt flutt af heilli strengjasveit og er augljóst að Mozart samdi það ekki sem léttvæga tækifæristönnlist. Lauk hann við verkið í Vínarborg 10. ágúst 1787 á sama tíma og óperan *Don Giovanni* var í burðarliðnum.



JOHANN SEBASTIAN BACH ÓBÓKONSERT Í D-MOLL BWV 1059R

Af einleikskonsertum Johanns Sebastian Bachs (1685–1750) eru aðeins fiðlukonsertarnir BWV 1041–1043 og Brandenburgarkonsertarnir sex upphaflegar tónsmíðar. Óbóið gegnir vissulega stóru hlutverki í kantötum og hljómsveitarverkum Bachs, en þegar kemur að einleiks- og kammerverkum fyrir hljóðfærið fyrirfinnst aðeins eitt uppkast að kafla fyrir fiðlu, óbó og tölusettan bassa. Vitað er að Bach lét við andlátið eftir sig fjölda kammerverka fyrir hin ýmsu hljóðfæri. Verkin dreifðust síðan á fjölmarga erfingja og þannig lentu flest þeirra í glatkistunni. Miðað við dálæti Bachs á óbóinu prýddu mörg þeirra ef ekki flest annað hvort hinu „háa tré“ (hautbois) eða systurhljóðfærinu ástaróbói (hautbois d'amore). Á dögum Bachs var algengt að tónskáld umrituðu verk sín og jafnvel annarra tónskálda fyrir hin ýmsu hljóðfæri og hljóðfærasamsetningar. Til dæmis hafa rannsóknir á verkum Bachs leitt í ljós, að næstum allir sambalkonsertar hans eru eigin umritanir á konsertum fyrir önnur hljóðfæri. Þetta þýðir að margar tónsmíðar meistarans öðluðust nýtt líf í meðförum hinna ýmsu hljóðfæra og oftast en ekki í öðrum tóntegundum eftir því hvert hljóðfærið var hverju sinni.

Óbókonsert Bachs í d-moll er endurgerð á sambalkonserti hans nr. 8 í d-moll, BWV 1059, tveimur sínfóníum úr kantötunni „Geist und Seele wird verwirret“, BWV 35, og sínfóníu úr kantötunni „Ich steh mit einem Fuß im Grabe“, BWV 156.



WOLFGANG AMADEUS MOZART SINFÓNÍA NR. 10 Í G-DÚR, K. 74

Þann 13. desember 1769 fór hinn þrettán ára gamli Mozart í sína fyrstu Ítalíuferð af þremur ásamt föður sínum Leópold. Varð þetta mikil frægðarferð með tónleikahaldi í Verona, Mantova, Milánó, Bologna, Flórens, Napólí og Róm þar sem Clemens XIV páfi veitti Mozart „orðu hins gullna spora“ með titlinum *Cavalier*. Í sömu heimsókn afrekaði hann einnig að skrifa niður eftir minni tónverkið *Miserere* eftir Gregorio Allegri sem hann heyrði í Sixtínsku kapellunni, en afritun verksins var stranglega bönnuð. Sínfóníuna nr. 10 í G-dúr samdi Mozart í Milánó. Getgátur eru uppi um að hún hafi upphaflega verið samin sem forleikur að óperunni *Mitridate, re di Ponto* sem var pantað verk og frumflutt í Teatro Ducale í Milánó 26. desember 1770 og vakti mikla hrifningu. Hið fjórtán ára gamla tónskáld stjórnaði fyrstu þremur sýningunum frá sambalnum. Þar hljómaði annar sjálfstæður forleikur, en hann og *Sínfónían* í G-dúr eiga það sameiginlegt að vera samin í ítölskum stíl.



JOSEPH HAYDN SINFÓNÍA NR. 49, PÍSLARSINFÓNÍAN (LA PASSIONE)

Sinfóníuna nr. 49 samdi Haydn árið 1768. Hún er sérstök að mörgu leyti, til að mynda blandar tónskáldið formi kirkjusónötunnar saman við tónmál sem á þessum tíma þótti sérlega nútímalegt og tilfinningaríkt. Uppbygging verksins, óhefðbundin röð fyrstu kaflanna (hægur - hraður) og viðurnefnið „passía“ bendir til að verkið hafi verið samið til flutnings á föstunni, jafnvel á föstudaginn langa, sem sagt á tíma þar sem veraldleg tónlist var forboðin. Sinfónían hefur einnig löngum þótt vera skólabókardæmi um „Sturm und Drang“ - verk Haydns en það fyrirbrigði var stutt tímabil í bókmenntum og tónlist í aðdraganda rómantíkunnar þar sem tilfinningum er gefinn laus taumurinn. Er skáldsaga Goethes, *Raunir Werthers unga* gott dæmi um bókmenntaverk þessa tímaskeiðs.

Fleira er óvenjulegt í sinfóníunni og hefur áhrif á heildarmyndina; Að undanskildum tríóhluta 3. kaflans sem er í F-dúr, eru allir kaflarnir í f-moll. Sammarka tóntegundin As-dúr kemur oft fyrir, en þar fyrir utan notar tónskáldið nánast einungis hljóma sem skyldir eru f-tóntegundunum.

Hægur en viðstöðulaus fyrsti kaflinn lýsir hugsanlega píslargöngunni. Við tekur ákafur og óþreyjufullur *Allegro di molto*-kaflinn með miklum styrkleikabreytingum. Eftir menúettinn sem hefur strangt yfirbragð kemur svo hraður lokakafli þessarar alvarlegu og dökkmáluðu sinfóníu Haydns.

Sigurður Ingvi Snorrason

*Kvika eignastýring veitir alhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVÍKA

Eignastýring

Á DÖFINNI

JÓLATÓNLEIKAR

LAUGARDAGUR & SUNNUDAGUR 13. & 14. DESEMBER KL. 14:00 & 16:00

Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa um árabil notið mikilla vinsælda meðal gesta á öllum aldri. Á þessum hátíðlegu fjölskyldutónleikum hljóma sígildar jólaperlur og klassísk jólaævintýri sem koma öllum í hið sanna jólaskap. Að vanda stíga margir ungir listamenn sín fyrstu spor á þessum tónleikum, jafnt einleikarar, dansarar sem og kórar. Einsöngvarar í ár eru jazzsöngvararnir Kristjana Stefánsdóttir og Einar Örn Magnússon og Kolbrún Völkudóttir syngur á táknmáli. Þetta eru sannarlega tónleikar fyrir jólabörn á öllum aldri.



VÍNARTÓNLEIKAR

FIMMTUDAGUR, FÖSTUDAGUR & LAUGARDAGUR 8., 9. & 10 JANÚAR 16:00 OG 19:30

Hinir sívinsælu Vínartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru sannkölluð nýársveisla og sú létt og skemmtilega tónlist sem þar hljómar gefur tóninn fyrir nýtt ár. Á efnisskránni er að vanda sígild Vínartónlist sem kemur öllum í gott skap – valsar, polkar og galopp. Þá hljóma ariur og dúettar úr vinsælum óperettum í flutningi tveggja framúrskarandi einsöngvara; Eyrúnar Unnarsdóttur og Sveins Dúu Hjörleifssonar. Auk þeirra koma fram samkvæmisdansarar sem stíga létt og glæsileg spor í Eldborg undir dynjandi tónlistinni. Vínartónleikarnir eru ævinlega fullkominn upptaktur að nýju ári.



BEETHOVEN & SHOSTAKOVITSJ

Tvö stórvirki tónlistarsögunnar eru viðfangsefni hljómsveitarinnar á þessum tónleikum: Fiðlukonsert L.v.Beethovens og 5. sínfónía Dmítríj Shostakovitsj. Miklfengleg tónverk sem láta engan ósnortin. Einleikarinn, kóresk-þýski fiðuleikarinn Clara-Jumi Kang nýtur alþjóðlegrar hylli fyrir tónlistarhæfileika sína og tæknilega færni. Hljómsveitarstjóri tónleikanna, Bjarni Frímann Bjarnason, hefur stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands margoft við góðan orðstír.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

1. FIÐLA

Fabio Biondi
Sigrún Eðvaldsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Laufey Jensdóttir
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Laura Liu
Lin Wei
Sigrún Harðardóttir
Rannveig Marta Sarc

2. FIÐLA

Gunnhildur Daðadóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Ísak Ríkharðsson
Sólveig Steinþórsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Emma Garðarsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Fidel Atli Quintero Gasparsson
Þórarinn Már Baldursson
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir

SELLÓ

Steiney Sigurðardóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Urh Mrak
Hrafnkell Orri Egilsson
Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir

BASSI

Xun Yang
Þórir Jóhannsson
Richard Korn
Hávarður Tryggvason

ÓBÓ

Matthías Nardeau
Peter Tompkins

FAGOTT

Clara Manaud

HORN

Justin Mange
Yi-Ling Shih

SEMBALL

Liam Kaplan

AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI

Eva Ollikainen

FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrágerðar

Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri
Tracy Bass
nótnavörður
Althea Wetter
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs-
og tæknimála
Björk Björgúlfsdóttir
sviðsmaður

STJÓRN SÍ

Sigurður Hannesson
formaður stjórnar
Jóhanna Yr Jóhannsdóttir
Margrét Pálmadóttir
Emil Friðfinnsson
Ragnar Jónasson

JÓLAGJÖF SEM HLJÓMAR VEL



Með gjafakorti Sinfóníuhljómsveitar Íslands geta tónlistarunnendur á öllum aldri valið tónleika úr dagskrá hljómsveitarinnar. Hægt er að velja eina af fjölmörgum tónleikum Sinfóníunnar eða leyfa viðtakanda að velja sinn eigin viðburð.

Kynntu þér fjölbreytta og litríka dagskrá hljómsveitarinnar á sinfonia.is og gefðu einstaka upplifun.

Gjafakortin eru tímalaus og renna ekki út. Hægt er að kaupa gjafakortin á sinfonia.is eða í miðasölu Hörpu og fá þau afhent í sérstökum gjafaumbúðum.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

SINFONIA.IS